

Fundur með fjallskilastjórum í Húnabyggð 06/08/24



Mættir: Anna Margrét Jónsdóttir, Helgi Páll Gíslason, Guðmundur Rúnar Halldórsson, Hilmar Smári Birgisson, Pétur Arason og Ari Óskar Víkingsson.

Fundurinn hófst klukkan 16:00 og Ari Óskar Víkingsson verkefnastjóri ritaði fundargerð

1. Fjárhagsáætlanir fjallskiladeilda

Farið var yfir og borið saman fjárhagsáætlanir fjallskiladeilda sveitarfélagsins. Umræður sköpuðust um möguleika á að samræma ýmis gjöld tengd fjallskilum s.s. dagsverk, einingar, hey og bensín á milli fjallskiladeilda fyrir fjárhagsáætlunargerð deildanna á næsta ári.

2. Erindisbréf fjallskilaneftndar og fjallskiladeilda

Fjallskilastjórar samþykkja samhljóða að mynda nefnd sem mun bera heitið Fjallskilaneftnd Húnabyggðar og verður skipuð fjallskilastjórum sveitarfélagsins. Einnig samþykkja fjallskilastjórar að samræma núverandi erindisbréf fjallskiladeilda sveitarfélagsins.

3. Styrkvegaframkvæmdir

Fjallskilastjórar vísa því til fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar að gera fjárhagsáætlun fyrir vegafframkvæmdir á heiðinni svo hægt sé í kjölfarið að gera tillögu að úthlutun fjármuna til styrkvega. Nú þegar hefur verið notað 100.000 kr. af styrkvegafjármunum sem var eyrnamerkt Fjallskiladeild Engihlíðarhrepps.

4. Framkvæmdir í fjallaskálum og vegna fjallskila

Fjallskilastjórar vísa því til fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps að gera fjárhagsáætlun vegna mögulegra framkvæmda á gólfi í Galtarárskála. Fjallskilastjórar fela sveitarstjóra að kanna nánar kostnað við framkvæmdir í Öndvegi. Einnig fela fjallskilastjórar sveitarstjóra að kanna nánar forsendur á kaupum minkabúra sem hægt væri að nýta sem hundabúr á heiðum sveitarfélagsins.

5. Girðingamál

Fjallskilastjórar vilja hrósa Jakobi Óla, starfsmanni sveitarfélagsins, fyrir vinnu sína við viðhald girðinga og góð samskipti.

6. Önnur mál

Umræður sköpuðust um möguleika á kaupum á dróna í samstarfi við björgunarsveitina sem hægt væri að nota til fjárleitar. Slíkur dróni gæti nýst

HRB

HSB

HP


AMJ

björgunarsveitinni í alls kyns verk og fjárleit myndi geta nýst sem góð æfing til að fljúga drónanum. Fjallskilastjórar vísa málinu til afgreiðslu byggðarráðs.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:11.




Anna Margrét Jónsdóttir



Helgi Páll Gíslason



Guðmundur Rúnar Halldórsson



Hilmar Smári Birgisson